

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2018
2018010037

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn) - 42. mál

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn), 42. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 12. febrúar 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2019, um útlendinga (fylgdarlaus börn), 42. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að barnaverndarnefndir taki við umsjón allra þeirra sem koma til landsins og óska eftir alþjóðlegri vernd og segjast vera undir 18. ára aldri og að byggð verði sérstök móttökustöð fyrir þennan hóp.

Barnaverndarstofa fagnar því að málefni fylgdarlausra barna séu til umræðu á Alþingi. Hins vegar getur stofan getur engan veginn mælt með því að frumvarpið verði samþykkt og telur rétt að vekja athygli allsherjar- og menntamálanefndar á eftirfarandi:

Mjög lítil hluti þeirra sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi segist vera undir 18 ára aldri og fækkaði þeim einstaklingum milli árána 2016 og 2017. Í fyrra komu 26 einstaklingar til landsins og sögðust vera undir 18 ára aldri og eingöngu reyndust sjö þeirra vera börn. Alls útilokaði aldursgreining að 18 þeirra væru börn og einn einstaklingur breytti frásögn sinni eftir að ljóst var að óska átti aldursgreiningar.

Þeir sjö einstaklingar sem komu til landsins í fyrra og sannarlega voru fylgdarlaus börn voru frá fjórum ólíkum löndum í þremur heimsálfum. Hópurinn á því fátt sameiginlegt annað en að vera fylgdarlaus börn á flóttu og mörg rök mæla gegn því að útbúa sérstakt úrræði sem gerir ráð fyrir dvöl þeirra allra á sama stað.

Allar rannsóknir og hagsmunaaðilar erlendis mæla með því að fylgdarlaus börn fái að dveljast á venjulegum heimilum í stað þess að hópa þeim saman í sérstök úrræði. Þar sem mjög fá fylgdarlaus börn sækja um alþjóðlega vernd hér á landi á hverju ári telur Barnaverndarstofa mikilvægt að Ísland nýti þá þekkingu og reynslu sem til staðar er og veiti þessum börnum bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni, þ.e. þjónustu barnaverndarkerfisins og dvöl á fósturheimilum.

Móttökustöð fyrir fylgdarlaus börn yrði gríðarlega kostnaðarsöm fyrir íslenska ríkið og Barnaverndarstofa telur, í ljósi þess sem rakið hefur verið, ekki að um væri að ræða skynsamlega meðferð á opinberu fé. Sannarlega mætti veita meira fé í að þjónusta þennan hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd en Barnaverndarstofa telur að í því sambandi skipti meira máli að skoða hvort ástæða sé til þess að veita sérstökum fjármunum til að styrkja starfsmannahald hjá þeim barnaverndarnefndum sem sinna fylgdarlausum börnum, enda koma nefndirnar að málum strax á fyrsta degi, þrátt fyrir að einhver óvissa kunní að vera um aldur viðkomandi. Starfsmenn barnaverndarnefnda hafa lýst málunum sem flóknum og tímafrekum og allur kostnaður sem tengist vinnu starfsmanna hefur fallið á sveitarfélögin. Hjá Reykjavíkurborg einni er áætlað að vinnuframlag starfsmanna vegna fylgdarlausra barna nemi hálfu stöðugildis á ársgrundvelli og áætlaður kostnaður vegna þess um það bil 5,4 milljónir á ári. Útlagður kostnaður og kostnaður vegna þjónustu/úrræða fyrir börnin hefur verið endurgreiddur af ríkinu. Starfsmenn barnaverndarnefnda hafa lýst því við Barnaverndarstofu að erfitt geti reynst að fá þann kostnað endurgreiddan og að þeim þyki óljóst hvað þyki eðlileg fjárútlát í tengslum við einstaka börn. Til viðbótar við framangreint hefur Barnaverndarstofa sinnt hagsmunagæslu og boðið útlendingayfirvöldum að nýta húsnæði og starfsfólk Barnahúss til að taka viðtöl við börnin án þess að viðbótarfjármagn hafi komið til stofunnar vegna þessara viðbótarverkefna. Barnaverndarstofa telur í ljósi ofangreinds mikilvægt að áréttta mikilvægi þess að tryggja málaflöknum nægt fjármagn til að hægt sé að sinna börnunum með fullnægjandi hætti. Hægt væri að efla þjónustu og úrræði fyrir þessi börn og veita fjármagn til að hægt sé að veita bæði starfsfólki barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu og fósturfjölskyldum aukna fræðslu og þjálfun til að sinna

börnunum fyrir miklu minni fjárhæð en móttökustöð gerir ráð fyrir og væri því fjármagni jafnframt varið mun betur í þágu þeirra barna en með móttökustöð fyrir fylgdarlaus börn.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir